

Nr. 22 - 048 S 034 Gosi KE 102***Eldur um borð***

Skipaskr.nr. 1914
Útgerð: Hafskip slf
Smíðaður: MOSSHOLMENS MARINA 1985
trefjaplast
Stærð: 14,74 BT
Mesta lengd: 11.95 m Skráð lengd: 11.43 m
Breidd: 3,64 m Dýpt: 1,60 m
Vél: Volvo Penta, 160 kW, 1987.
Fjöldi skipverja: 1



Gögn:
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 9. janúar 2023 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Hirti Emilssyni og Pálma K. Jónssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 6. júlí 2022 var Gosi KE 102 á siglingu frá Rifi á Snæfellsnesi á leið á miðin. Veður: V 6-8 m/sek.

Á siglingu varð skipverjinn var við mikinn reyk frá vélarrúmi. Hann sá þann eina kost að yfirgefa skipið. Skipverjinn fór í björgunarbúning, sjósetti gúmmíbjörgunarbát og kom sér frá borði. Hann náði ekki að senda neyðarkall en nærstödd skip og vegfarendur um Ólafsvíkurenni tilkynntu atburðinn til Vaktstöðvar siglinga og Neyðarlínu. Skipverjanum var bjargað um borð í bát sem var skammt frá. Gosi varð fljótt alelda og björgunarskipið Björg reyndi að slökkva eldinn án árangurs. Báturinn var dreginn upp í fjöru þar sem slökkt var í honum með því að moka yfir hann sandi.

Við rannsókn kom eftirfarandi fram:

- Skipverjinn var vanur að hafa opið inn í vélarrúm meðan keyrt var undir álagi þar sem afgasleki var á þústgrein.
- Vélin var gangsett við stýrispúlt en til þess að stöðva hana þurfti að fara niður í vélarrúm.
- Fram kom hjá skipverjanum að ekki var hægt að ræsa slökkvikerfi vélarrúms fyrir utan það. Það er ekki í samræmi við reglur nr. 592/1994 en engin athugasemd var gerð við þetta atriði við skoðun á bátnum.
- Stýrisdælan var biluð og þurfti skipstjóri að sigla bátnum á handstýri.
- Skipverjinn fullyrti að ekki hefði verið gerð athugasemd við ádrepara vélarinnar við árlega skipaskoðun.

- Skipverjinn sem hafði verið með skipið á strandveiðum áður fullyrti að í a.m.k. eitt skipti hefði enginn frá útgerð verið viðstaddur árlega skipaskoðun heldur einungis verið í símasambandi við skoðunarmann.
- Haffærisskírteinið var gefið út 05.07.2022 og gildi til 08.07.2022 og var þá framlengt til 22.8.2022. Samkvæmt skoðunarskýrslu frá 21.07.2021 var aðeins ein athugasemd gerð við ástand bátsins vegna seguláttavita.
- Eigandi bátsins sagði að engin athugasemd hefði verið við árlega skoðun.



Nefndarálit:

Orsök atviksins var skortur á viðhaldi bátsins og skoðun ábótavant.

Sérstök ábending:

Í skoðunarhandbók skipa mesta lengd 15 metrar segir: “Öll stjórn á aðalvél skal vera með einföldum hætti og stjórnþæki aðgengileg frá stýri. Öll stjórnþæki skulu virka eðlilega”.

Að ekki sé hægt að ræsa slökkvikerfi vélarrýmis utan þess jafngildir því að það sé ónothæft.